

Nd.

625. Nefndarálit

[223. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá 1. minni hl. félagsmálanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frv. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hl., undirritaðir nefndarmenn og Gylfi Þ. Gíslason, óskaði eftir, að málið fengi nánari athugun, en við þeirri ósk var ekki orðið.

Ljóst er, að nauðsyn ber til að hækka þau lán, sem veita má úr Byggingarsjóði á hverja íbúð. Í frv. er gert ráð fyrir, að þau megi vera allt að kr. 800 000.00. Miðað við væntanlegan byggingarkostnað á árinu 1973 þyrfti hámarkslán að vera minnst kr. 900 000.00 á íbúð. Við flytjum þó ekki brtt. í þessa átt, þar sem ljóst er, að Byggingarsjóður er fjárvana og ríkisstjórnin hefur vanrækt að afla honum aukinna tekna. Það er því tilgangslítið að ákveða hærri hámarkslán, en gera ekkert til að sjá um fjármögnun framkvæmdanna.

Samkvæmt áætlun húsnæðismálastjórnar fyrir árið 1973 vantar samtals 555 millj. kr., ef veita á jafnmörg lán og veitt voru í fyrra til nýrra íbúða, þ. e. 1500 íbúða. Í áætluninni er því ekki gert ráð fyrir nýjum lánum, umfram framlán, til þeirra ca. 450 íbúða, sem fokheldar urðu fyrir 1. jan. s. l., en sú upphæð nemur um 136 millj. kr. Þessi viðbótarlán er nauðsynlegt að veita fyrir næstu áramót.

Hinn 20. marz s. l. urðu lánshæfar umsóknir hjá stofnuninni 1032 og óafgreiddar umsóknir 1442, samtals 2474 umsóknir.

Þá er ekki heldur reiknað með neinu fjármagni í ný framkvæmdalán til verkamannabústaða og annarra aðila, sem eiga rétt til slíkra lána. Húsnæðismálastjórn telur óvarlegt að ætla minna en ca. 150 milljónir til þessara lána.

Undirritaðir nefndarmenn átelja þau vinnubrögð, sem hér eru viðhöfð. Ef hækkun lána á að verða raunhæf, verður ríkisstjórnin að sýna, hvernig hún ætlar að afla Byggingarsjóði aukinna tekna. Það hefur hún ekki gert og nefndarmenn engar upplýsingar fengið um fyrirhugaðar aðgerðir.

Í 2. mgr. 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að heimila allt að 80% lán til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga.

Við þessa málsgrein flytjum við brtt. á sérstöku þingskjali. Leggjum við þar til, að lán þessi verði ekki bundin því skilyrði að leiguíbúðir verði byggðar á vegum sveitarfélaga einna, heldur verði einnig heimilað að lána til íbúða, sem einstaklingar, félag eða fyrirtæki byggja. Þetta er í samræmi við þingsályktun, sem samþykkt var á síðasta þingi, en þar segir m. a.: „ . . . að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um útvegum fjármagns og útlán þess til sveitarfélaga og annarra þeirra aðila, sem byggja vilja leiguíbúðir, þannig að þeim sé gert fjárhagslega kleift að byggja og reka leiguhúsnæði, þar sem þess er þörf. Skal þess gætt, að þessi sérstaka fjármagnsútvegum dragi ekki úr öflun lánsfjár til byggingar eigin íbúðarhúsnæðis.“

Ákvæði 2. mgr. 1. gr. frv. eru ekki í samræmi við þessa þingsályktun. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því í þingsályktuninni, að útvegað verði fjármagn til þessara nýju lána, en eins og fyrr er nefnt vantar hundruð milljóna króna í byggingarsjóð á þessu ári, og ríkisstjórnin hefur ekki greint frá, hvernig það fjármagn verði útvegað. Í öðru lagi er ætlað til þess í þingsályktuninni, að heimilt sé að veita fleiri aðilum en sveitarfélögum þessa fyrirgreiðslu. Til þess er ekki ætlað skv. frv., og því er brtt. flutt við þessa málsgrein.

Það hefur oft komið fram hjá ýmsum atvinnurekendum úti um land, ekki síst í sjávarútvegi, að þeir hafi talið sig nauðsynlega þurfa að hafa aðstöðu til að byggja leiguhúsnæði fyrir starfsfólk sitt og væri það forsenda fyrir því, að þeir gætu fengið fólk til vinnu við framleiðsluna.

Því leggjum við til, að breyting verði gerð á frv., þannig að fleiri en sveitarfélög geti notið þessara kjara. Samþykkt þeirrar brtt. mun án efa stuðla að lausn húsnæðisvandans á ýmsum stöðum á landinu og verða til þess að styrkja atvinnu-
upphyggingu og framleiðslu.

Alþingi, 10. apríl 1973.

Ólafur G. Einarsson,
frsm.

Gunnar Thoroddsen.